

Alþingi
Erindi nr. P 130/1302
komudagur 10. 3. 2004



LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgata 7, 150 Reykjavík
Sími: 545 9750, bréfasími: 552 1160

Sjávarútvegsnefnd
Fr. Elín Valdís Þorsteinsdóttir, nefndaritari
Alþingi
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 4. mars 2004
Tilvísun: LAN04020252/010
IOV/--

Efni: Umsögn við frumvarp til laga um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, 446. mál.

Með vísun til erindis sjávarútvegsnefndar dags. 26. febrúar sl., vill landbúnaðarráðuneytið koma að eftirfarandi athugasemdum:

Í 2. gr. laga nr. 55/1998 um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða eru sjávarafurðir skilgreindar sem:

"Sjávarafli og fiskafurðir eins og skilgreint er hér að framan, svo og fódvörur unnar úr fiski og fiskúrgangi."

Í 2. gr. laga nr. 22/1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru segir:

"Lög þessi gilda um eftirlit með framleiðslu, geymslu og sölu á fódri sem ætlað er búfé sem haldið er til matvælaframleiðslu og sölufóðri annarra dýra,"

Hér er um ákveðna skörun milli þessara tveggja laga að ræða. Eðlilegt verður að teljast að hafa ákvæði laganna skýr hvað varðar það eftirlit með fódri sem fara á fram. Markmið opinberrar stjórnýslu ætti að vera að hafa allt eftirlit einfalt og skilvirkt.


Eftirlitsstofnun EFTA gerði athugasemdir við framkvæmd eftirlits með fiskimjöli í desember 2002 og í kjölfar þeirra athugasemda var eftirlit með fiskimjöli fært yfir til Aðfangaeftirlitsins í samráði við sjávarútvegsráðuneytið.

Á undarförnum misserum hafa átt sér stað viðræður á milli landbúnaðarráðuneytisins og sjávarútvegsráðuneytisins um þá skörun og þá réttaróvissu sem skapast getur í framkvæmd mismunandi lagaákvæða um sama efni. Þær viðræður hafa ekki verið leiddar til lykta. Það er skoðun landbúnaðarráðuneytisins að það frumvarp sem hér um ræðir sé ekki til þess fallið að eyða þeirri óvissu og skapa skýran grundvöll fyrir framkvæmd eftirlits með fódri, t.d. hvað varðar verkaskiptingu milli eftirlitsaðila.

Það er skoðun landbúnaðarráðuneytisins að það þurfi að marka skýr skil hvenær fiskimjöl telst vera orðið fóður og í framhaldi af því hvenær eðlilegt sé að Aðfangaeftirlitið fari með allt eftirlit með fiskimjöli.

Landbúnaðarráðuneytið er að sjálfsögðu reiðubúið til að útskýra þessi sjónarmið nánar
verði þess óskað.

F.h.r.


Ingibjörg Ólaf Vilhjálmsdóttir

Afrit: Landbúnaðarnefnd